



ESJUTÚN

## Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP

*Sérhæfð dagþjálfun fyrir fólk með heilabilun*



# ESJUTÚN

## – sérhæfð dagþjálfun fyrir fólk með heilabilun

Tilgangur sérhæfðrar dagþjálfunar er að rjúfa félagslega einangrun, að njóta dagsins í góðum félagsskap og að takast á við viðfangsefni við hæfi eftir áhuga hvers og eins, eins og kostur er. Það er í samræmi við hugmyndafræði Esjutúns sem byggir á að hver og einn er einstakur og er metinn út frá áhuga og getu. Skjólstæðingar Esjutúns fá stuðning við að sinna verkefnum við hæfi og þann stuðning sem þeir þurfa við athafnir daglegs lífs.

### HVERNIG ER DAGSKRÁIN?

Meðal þess sem fengist er við daglega í Esjutúni má nefna stólaleikfimi, upplestur úr blöðum, það er sungið og hlustað á tónlist. Farið er í hina ýmsu leiki, eins og boltaleiki eða spurninga-

leiki. Þegar vel viðrar förum við í göngutúr, stundum förum við kaffihús, listasýningar, tónleika eða ferðalög, svo eitthvað sé nefnt.

Skjólstæðingar Esjutúns geta einnig nýtt ýmsa þjónustu sem er í boði á Vitatorgi, til að mynda fótaaðgerðarstofu og hárgreiðslustofu. Á Vitatorgi er starfandi samfélagshús sem við njótum oft góðs af en þar er boðið uppá ýmsar uppákomur.

Tvisvar í mánuði kemur öldrunarlæknir í Esjutún og fer yfir málin með hjúkrunarfræðingi. Í Esjutúni er einnig veitt fjölskyldu-hjúkrun enda er stuðningur við fjölskyldur fólks með heilabilun mjög mikilvægur.



### **STARFSFÓLKID**

Í Esjutúni starfar metnaðarfullt og áhugasamt fólk. Forstöðumaður er hjúkrunarfræðingur. Á deildinni starfa einnig virkniþjálfar, sjúkraliðar, starfsmaður í eldhúsi og leiðbeinendur í félagsstarfi.

Starfsfólk leggur áherslu á hlýtt viðmót, virðingu og stuðning gagnvart skjólstæðingum og aðstandendum. Lögð er áhersla á persónumiða nálgun sem byggist meðal annars á að huga að vellíðan, að mæta óskum og þörfum, að veita stuðning og virða gildin sem unnið er eftir. Gildi Esjutúns eru: Viðmót, virðing, vinátta, jafnræði, sjálfræði, vellíðan, virkni, traust og velferð.

### **ARFLEIÐ OKKAR**

Esjutún var stofnað 1996 en hét þá Dagvist Vitatorgs.

## HVERNIG ER SÓTT UM?

Heilbrigðisstarfsfólk getur sótt um sérhæfða dagbjálfun fyrir fólk þegar greining liggur fyrir um heilabilunarsjúkdóm. Umsóknin sendist annarsvegar til Minnismóttöku Landakots, sem heldur utanum biðlista fyrir sérhæfða dagbjálfun, og hins vegar í Esjutún eða í þa sérhæfðu dagbjálfun sem óskað er eftir. Aðstandendur eru hvattir til að vera í reglulegu sambandi við heilbrigðisstarfsfólk á meðan að beið er eftir plássi, til að fá ráðgjöf og stuðning. Í Esjutúni er boðið uppá ráðgjöf og stuðning við að sækja um hvíldarinnlagnir og varanlega vistun á hjúkrunarheimil.

## OPNUNARTÍMI, DVALARTÍMI OG KOSTNAÐUR

Mánudaga til fimmtudaga á milli 8 og 16. Föstudaga á milli 8 og 15. Dvalartími getur verið frá tveimur og upp í fimm virka daga í viku. Boðið er upp á akstur til og frá Esjutúni. Bílstjórar aðstoða fólk frá og að heimili ef þess þarf. Það kostar 1.579 krónur á dag að vera í Esjutúni.

## UMMÆLI FRÁ SKJÓLSTÆÐINGUM OG AÐSTANDENDUM

*„Það er hvergi betra að vera en hér.“*

*„Takk fyrir að hugsa svona vel um mömmu.“*

*„Pabbi er svo glaður eftir daginn.“*

## NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR:

Ásta Sigríður Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur og forstöðumaður Esjutúns: [asta.sigridur.sigurdardottir@reykjavik.is](mailto:asta.sigridur.sigurdardottir@reykjavik.is)



VITATORGI, VITASTÍG 2, 101 REYKJAVÍK  
SÍMI 411 9466 / 411 9467